

Ed.

1039. Nefndarálit

[314. mál]

um frv. til l. um stálbræðslu.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. á mörgum fundum og leitað upplýsinga meðal annars hjá eftirgreindum aðilum, sem komu á fundi nefndarinnar: Jafet Ólafssyni, iðnaðarráðuneyti, Hákonni Ólafssyni, frá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Gunnari Björnssyni, frá Félagi byggingameistara, Geir Zoëga og Ragnari Einarsyni, frá Sindrastál hf., Jóni Steingrímssyni, tilnefndum af Iðntæknistofnun, Hauki Sævaldssyni, frá Stálfélaginu hf., Sveini E. Sigurðssyni, frá Seðlabanka Íslands, Björgvin Guðmundssyni, frá viðskiptaráðuneyti, Jóni Sigurðssyni, frá Járnblandi-félaginu, Sigurði Gils Björgvinssyni, frá S.Í.S., Helga G. Þórðarsyni, frá Verkfræðingafélagi Íslands, Jóhanni Má Mariussyni, frá Landsvirkjun, Hrafni Friðrikssyni, frá Heilbrigðiseftirliti ríkisins, Eyjólfí Sæmundssyni, frá Vinnueftirliti ríkisins, Ólafi Davíðssyni, frá Þjóðhagsstofnun, og Hallgrími Snorrassyni, frá Þjóðhagsstofnun. Umsagnir hinna fjögurra síðastnefndu stofnana eru birtar sem fylgiskjöl með nefndarálit.

Nefndin hefur engar athugasemdir fram að færa varðandi tæknileg atriði í framleiðslu steypustyrktarstáls hér á landi. Hins vegar leggur nefndin áherslu á, að áður en til aðildar ríkisins komi þurfi að fara fram nánari athuganir á viðskiptalegum og rekstrarlegum grundvelli fyrirtækisins til að ganga úr skugga um að rekstur þess miðist við afurðaverð sem er sambærilegt við heimsmarkaðsverð, sbr. ákvæði til bráðabirgða.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingartillögum, sem fluttar eru á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 22. maí 1981.

Davíð Aðalsteinsson,
form., frsm.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Stefán Guðmundsson.

Stefán Jónsson.

Egill Jónsson.

Gunnar Thoroddsen.

Fylgiskjal I.

ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

2. Stálbræðsla.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um stálbræðslu kemur fram, að meira en 10 ár eru nú liðin frá því byrjað var að kanna möguleika á rekstri stálbræðslu

hér á landi. Á þessu tímabili hefur þetta mál komið fjórum sinnum til kasta Þjóðhagsstofnunar, síðast í janúar 1979. Í það skiptið óskaði iðnaðarráðuneytið um-sagnar um stálbræðsluáætlanir og svaraði Þjóðhagsstofnun þeirri beiðni með bréfi 27. febrúar 1979. Í bréfi þessu eru dregnar saman helstu niðurstöður og álitamál, sem komið höfðu fram í fyrri athugunum stofnunarinnar, og fylgir þetta bréf hér með til frekari upplýsinga. Í bréfi þessu voru niðurstöður meðal annars þær, að fyrri athuganir stofnunarinnar (frá 1974, 1975 og 1976) hefðu bent til þess, að á gefnum forsendum um tækni, öflun og forvinnslu brotjárnis svo og um endanlega sölu steypustyrktarstáls gæti fyrirtækið skilað viðunanlegri arðgjöf og reynst sæmilega stöðugt. Hins vegar taldi stofnunin, að könnun á grundvallarforsendum um öflun hráefnis og sölu afurða væri ekki á sínu færi. Loks var á það bent, að fremur en að leitast við að sannreyna enn einu sinni reikniniðurstöður um rekstur stálvinnslu væri gagnlegra til undirbúnings ákvarðanatöku um þetta mál að huga vandlega að þeim meginóvissupáttum, sem áður hefði verið bent á, þ. e. um brotjárn, verð þess og nýtanlegt magn, og markaðsmál, bæði hvað varðar solumögu-leika og verð.

Í tengslum við beiðni iðnaðarnefndar efri deildar Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um stálbræðslu hefur Þjóðhagsstofnun farið yfir stálbræðsluáætlun, sem unpin var af verkefnisstjórn iðnaðarráðuneytis og gefin út í desember 1980. Áhersla skal lögð á að tími hefur einungis gefist til lauslegrar athugunar á þessari áætlun. Er frumvarpið og athugasemdir þess reistar á þessari áætlun. Sú áætlun, sem hér um ræðir, beinist að könnun á mögulegri rekstrarafkomu stálbræðslufyrirtækis og er reist á áætlunum um stofnkostnað, rekstrarkostnað, framleiðslumagn og afurðaverð svo og áætlunum um hráefnisöflun og hráefnisverð. Við lauslega yfirferð sýnist sem þeim meginóvissupáttum sem Þjóðhagsstofnun hefði áður bent á, séu gerð fyllri skil í áætlun verkefnisstjórnarinnar en í fyrri könnunum. Í ýmsum atriðum er þó hér enn um verulega óvissu að ræða.

Benda má á, að forsendan um að fyrirtækið hafi strax í upphafi rekstrar svo og allan rekstrartímamann 90% af innanlandsmarkaði er hæpin. Önnur meginforsenda er, að unnt verði að selja framleiðsluna á verði, sem tryggir arðbæran rekstur. Þetta verð er töluvert hærra en núverandi innflutningsverð, en það er talið óvenjulágt, bæði vegna lægðar í stáliðnaði um þessar mundir og vegna undirboða. Verkefnisstjórnin telur hins vegar, að þegar fram í sækir verði nauðsynlegt kostnaðarverð íslenskrar verksmiðju samkeppnishæft við raunverulegt kostnaðarverð innflutts stáls. Samkvæmt þessu er ljóst, að forsendurnar um markaðshlutdeild og afurðaverð eru mjög háðar þeirri samkeppni, sem við yrði að etja, svo og því, að unnt verði að mæta eða koma í veg fyrir undirboð erlendra framleiðenda. Um þetta er fjallað í skýrslunni og athugasemdum við frumvarpið á þann hátt, að gert er ráð fyrir að fyrirtækið nýti, a. m. k. fyrstu árin, verndartolla. Hér yrði um sérstaka tollvernd að ræða sem meðal annars yrði reist á ákvæðum 17. gr. EFTA-samningsins, sem kveður á um aðgerðir gegn undirboðum — „dumping“ — svo og á ákvæðum 26.—31. gr. tollskrárlaga. Þessar forsendur eru þó e. t. v. haldminni en ætla mætti, þar sem heimild til tollaálagningarinnar er takmörkuð við það að jafna mun á því söluverði, sem erlendur aðili getur boðið í heimalandi sínu eða í útflutningi, og því verði, sem hann getur boðið hér á landi. Heimildin nær hins vegar alls ekki til þess að jafna almennt mun á innflutningsverði og innlendu kostnaðarverði. Því verður að gera ráð fyrir, að fyrirtækið mæti verulegri samkeppni og afurðaverð sé ekki hærra en eðlilegt samkeppnisverð í innflutningi. Í þessu sambandi má hafa í huga, að hvað varðar sölu út á land nýti fyrirtækið lítillar sem engrar fjarlægðarverndar. For-sendur um markaðshlutdeild og um afurðaverð virðast því um of bjartsýnar.

Í áætlun verkefnisstjórnar er fjallað ítarlega um öflun, verð og vinnslu brotjárnis. Svo virðist sem það mat, sem lagt er á þessa mikilvægu hlið málsins, sé fremur varkárt. Sem fyrr eru áætlanir þó um margt óvissar og um sumt reistar á getgátum, auk þess sem telja verður að upplýsingar um brotjárnisframleiðslu og

verð í milliríkjavarslun séu í knappasta lagi. Hins vegar telur Þjóðhagsstofnun könnun þessara atriða ekki á sínu færi. Rekstraráætlanir virðast í fljótu bragði yfirleitt miðaðar við eðlilegar forsendur. Þó kunna hér að felast ýmis álitamál. Þannig virðist sýnt, að raforkuverð sé allt of lágt áætlað, en raforkukostnaður er hins vegar lítill hluti heildarrekstrarkostnaðar og skiptir einn sér ekki sköpum um afkomu fyrirtækisins. Sem fyrr verður hér að ítreka, að tími hefur aðeins gefist til skyndiskoðunar á rekstraráætlunum og sama gildir um áætlanir um stofnkostnað. Þó má benda á, að samanburður á hagkvæmni mismunandi forhitunarofna eftir því, hvort um oliuofn eða rafmagnsofn yrði að ræða, virðist rangur. Loks má nefna, að arðsemisútreikningar eru byggðir á eðlilegum og venjulegum aðferðum.

Í heild má segja, að niðurstöður áætlunar verkefnisstjórnarinnar komi ekki á óvart miðað við fyrri kannanir Þjóðhagsstofnunar. Arðsemi er samkvæmt áætluninni heldur lakari en í fyrri dæmum, sem Þjóðhagsstofnun hefur áður reiknað, og er ástæðan sennilega fyrst og fremst sú, að stálverð er enn lægra nú en var þegar athuganir Þjóðhagsstofnunar voru gerðar. Sé gert ráð fyrir, að unnt verði að halda rekstri fyrirtækisins stöðugum, verður niðurstaðan um 10—11% arðsemi fjárfestingarinnar að teljast viðunandi. Næmleikakannanir benda til, að miðað við ýmsar sveiflur í rekstri og frávik frá forsendum ætti fræmur að miða við arðsemi á bilinu 5—10%, og gæti hún þó jafnvel orðið lægri einstök ár og árabíl, einkum í upphafi rekstrar. Hvort slík arðsemi telst viðunandi hlýtur að fara eftir því mati, sem lagt verður á þá áhættu, sem tekin er með fjárfestingu í því fyrirtæki, sem hér um ræðir.

Að lokum er rétt að ítreka fyrri ábendingar um að forsendur um markaðshlutdeild og markaðsverð kunnri að vera um of hjartsýnar. Telja verður, að það sé töluvert veikleikamerki, að fyrirtækið þurfi á tollvernd að halda fyrstu rekstrarárin. Þessi tollvernd er réttlætt með því ástandi, sem nú er talið ríkja á stálverði í heiminum. Þetta ástand er í áætlunum talið tímabundið. Hér má hafa í huga, að á undanfórnum árum hafa rekstrar- og markaðsskilyrði í stáliðnaði verið mjög sveiflukennd.

Fylgiskjal II.

VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Til Iðnaðarnefnda Alþingis

13. maí 1981.

Stálbræðsla.

Stálbræðslunni er ætlað að framleiða einkum steypustyrktarstál og nota til þess 13 þúsund tonn af brotajárni á ári.

Einkum er hætta á mengun í andrúmslofti starfsmanna frá bræðsluofni verksmiðjunnar og eru þá sérstaklega höfð í huga hættuleg efni frá hlutum sem mál aðir hafa verið eða hafa fengið aðra yfirborðsmeðhöndlun. Vinnueftirlit ríkisins mun kynna sér hvernig slík mál eru leyst í hliðstæðum verksmiðjum áður en settar verða fram endanlegar kröfur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum verksmiðjunnar.

Fylgiskjal III.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT RÍKISINS

11. maí 1981.

1. Stálbræðsla.

Með bréfi, dags. 5. nóvember 1976, óskaði heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið eftir álit Heilbrigðiseftirlits ríkisins á því, hvort mengunarvarnir þær, sem hin Norðurlöndin gera varðandi stálbræðsluverksmiðjur, teldust fullnægjandi hér á landi. Einnig fylgdi í myndriti erindi Stálfélagsins hf., dags.

28. október 1976, til ráðuneytisins varðandi umsögn þess um starfræksluleyfi fyrir væntanlegt stáliðjuver. Á grundvelli þeirra upplýsinga, sem aflað var í byrjun árs 1977, aðallega frá Svíþjóð og Noregi, munu þáverandi mengunarvarnir hafa verið taldar að mestu leyti fullnægjandi af hálfu stofnunarinnar. Síðan hafa nýrri upplýsingar fengist frá Svíþjóð, þar sem enn frekari kröfur eru gerðar til mengunarvarna, einkum hvað varðar lofthreinsibúnað og mengunarmörk. Helstu mengunarvaldar með tilliti til ytra umhverfis eru:

- A) Ryk og reykur frá rafbræðsluofni sem inniheldur sömu efni (málma) og verið er að bræða, þ. e. fer eftir hráefninu hverju sinni.
- B) Föst efni (sintur) svo og olíur menga kælivatn sem notað er.
- C) Umhverfishávaði, einkum að næturlagi, er talinn vandamál við stálbræðslur sem eru nálægt íbúðabyggð.

Helstu mengunarvarnir eru:

- A) Notkun pokasía til að hreinsa útblástursloft.
- B) Rykið, sem safnað er í pokasiurnar, er síðan kögglað (pelletiserað).
- C) Kögglaða rykið og föst efni (sintur) sem hreinsuð eru úr kælivatni eða til falla í verksmiðjurnar þarf að safna sérstaklega saman á einum stað til að koma í veg fyrir mengun frá skolvatni (lakvatn) og vegna æskilegrar endurvinnslu.
- D) Sérstaklega þarf að gæta að hávaðavörnum m. t. t. nærliggjandi íbúðabyggðar.

Helstu heilbrigðishættur eru tengdar ýmsum málmmum sem við bræðslu geta mengað andrúmsloft inni sem úti eða borist út í umhverfið frá föstum og fljótandi úrgangsefnum. Þar sem úrgangsolíur eru notaðar við upphitun stálhleifa til völsunar getur ýmiss konar málmmengun borist frá þeim út í andrúmsloftið við brennslu. Fleira kann að koma til í þessu sambandi.

- C) Með fyrirvara um ítarlegri upplýsingar og með tilvísun til þess sem hér að framan greinir, telur Heilbrigðiseftirlit ríkisins að beita megi fullnægjandi mengunarvörnum til verndar umhverfi og heilbrigði fólks vegna reksturs þeirra verksmiðja er hér um ræðir.

Fylgiskjal IV.

NÁTTÚRUVERNDARRÁÐ

Iðnaðarnefnd Ed. Alþingis.

13. maí 1981.

Stálbræðsla.

Á þessu stigi getur ráðið því aðeins lýst því yfir, að það sér ekki ástæðu til að leggjast gegn því, að verksmiðjurekstri sem þessum verði komið á fót, og tekur t. d. undir það sjónarmið, sem fram kemur í greinargerð um stálbræðslu, að hún geti orðið til landþrifa.

Frumvörpin gera ráð fyrir því, að öll þessi fyrirtæki skuli taka fyllsta tillit til laga um umhverfisvernd. Munu þau því væntanlega senda ráðinu upplýsingar um allt það er varðar útlit, hugsanlegt jarðrask og mengun áður en þeim verður endanlega valinn staður og framkvæmdir hafnar, sbr. og 29. gr. náttúruverndarlaga.

Varðandi þá tvo staði, sem í greinargerð eru helst taldir koma til greina fyrir stálbræðslu, þá eru á þeim fyrri, Korpusvæðinu, ýmsar merkar náttúruminjar og lífrík svæði, sem ástæða er talin til að vernda og taka þarf því fullt tillit til við staðarval.